

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

347. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 04.03.2015, kl.07:30.

Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar. Gestir fundarins voru Anna Þórðardóttir og Þorgils Óttar Mathiesen endurskoðendur hjá KPMG undir lið 1.
Fjarverandi: Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur ársins 2014

Framkvæmdastjóri kynnir ársreikning ársins 2014. Helstu niðurstöður eru að hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru rúmlega 147 milljónir, en hagnaður ársins var samtals tæplega 197 milljónir. Eignir nema samtals 2.307 milljónum í lok árs 2014. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð ársreiknings og áætlunar. Gestir fundarins, Anna Þórðardóttir og Þorgils Óttar Mathiesen kynna fyrirvaralausa áritun ársreiknings og kynna endurskoðunarskýrslu KPMG um endurskoðunina. Lögð fram umsögn endurskoðunarnefndar vegna ársreiknings SORPU bs. fyrir árið 2014, dagsett 5. mars 2014. Stjórn samþykkir ársreikning ársins 2014 og undirritar reikninginn.

2. Bréf Gámaþjónustunnar

Lagt fram bréf Gámaþjónustunnar, dagsett 17. febrúar 2015, efni: Endurskoðun á gjaldskrá og viðskiptakjörum. Stjórn samþykkir að stjórnarformaður, varaformaður stjórnar og framkvæmdastjóri fundi með Gámaþjónustunni.

3. Ársfundur byggðasamlagsins

Stjórn felur framkvæmdastjóra að eiga samráð við SSH um dagsetningu ársfundar.

4. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 10. apríl kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 8.45.

Fundarritari Bjarni Hjarðar

Bjarni Torfi
Halldór Auðar Svansson
Jóna Sæmundsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Bjarni Hjarðar
Hafsteinn Pálsson